

Minnisblað 21.01.2016
Vegna sameinaðar heimahjúkrunar á suðursvæðinu (SHS)

Í fjárlögum fyrir árið 20016 er gert ráð fyrir 100 milljón króna viðbótarfjárveitingu til Heimahjúkrunar HH vegna aukinnar þjónustu, en í skýrslu sem afhent var í ráðuneytinu vor 2014 og fjallaði um úttek á umfangi heimahjúkrunar árin 2010 – 2013 kom fram að sjúklingafjöldi jókst um 24% á þessum árum en stöðugildin héldust nær óbreytt. Meðaltalslengd vitjana dróst saman um 10 mínútur, var 32 mínútur en fór í 22 mínútur. Biðlisti eftir þjónustu er viðvarandi

Framkvæmdastjórn HH hefur ákveðið að sameina heimahjúkrun á suðursvæðinu (Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð). Samkvæmt tímaáætlun á ný starfsemi að hefjast í maí 2016.

Stefnan er að í sameinaðri heimahjúkrun HH á suðursvæðinu (SHS) verði til ein sameiginleg sýn um markvissa, faglega, sérhæfða og skilvirka heimahjúkrun sem miðar að því að koma til móts við þarfir þeirra sem þjónustunnar njóta.

Mikil vinna liggur að baki sameiningarinnar og í mörg horn að líta. Metnaður er til að bæta og efla þjónustuna með því að:

- Útrýma biðlistum á kvöldin og um helgar, með sveigjanlegri þjónustueiningu
- Efla samvinnu við félagslega heimaþjónustu í sveitarfélögunum
- Skilgreina hlutverk hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu eldri borgara, tilraun á 5 heilsugæslustöðvum
- Sinna veikari sjúklingum sem þurfa sérhæfða hjúkrunarmeðferð
- Meðaltalslengd vitjana sé 30-40 mínútur
- Skráning verði í sama meðferðarskráningarkerfi í Sögu og hjúkrunarheimilin og LSH nota
- Bæta gæði þjónustunnar – viðmið 13 gæðavísar Rai-Homecare

Áætlað er að sameinuð þjónusta heimahjúkrunar verði til húsa í Hlíðarsmára 17 en húsnæðið hentar heimahjúkrun vel ekki síst vegna þess hve gott aðgengi er að stofnbraut og að staðsetningin er á bæjarmörkum Kópavogs og Garðabæjar.

183 sjúklingar fengu vitjanir frá heimahjúkrun Heilsugæslunnar í Garðabæ á árinu 2014. Upplýsingar fyrir árið 2015 liggja ekki fyrir enn sem komið er.

Núverandi starfsmenn heimahjúkrunar Heilsugæslunnar í Garðabæ mun áfram sinna heimahjúkrun í Garðabæ þó þeir séu staðsettir í sameinaðri þjónustueiningu í Hlíðarhjalla. Vonast er eftir áframahaldandi góðu samstarfi við félagsþjónustu Garðabæjar.

Með kveðju,

Þórunn Ólafsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar